



Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH)
Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi

Dagsetning
Málsnúmer

19. mars 2025
MVF23090362

VIÐURKENNING

til sameiginlegrar umsýslu vegna innheimtu endurgjalds skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið vísar til umsóknar Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), kt. 620976-0169, dags. 5. apríl 2022, um viðurkenningu þáverandi menningar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsýslustarfsemi samtakanna á grundvelli 2. mgr. og 3. mgr. 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972 (hér eftir höfundalög), í samræmi við 1. tölul. 2. gr. laga nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar (hér eftir umsýslulög), sbr. einnig 4. mgr. 26. gr. a, sbr. 26. gr. d höfundalaga og 5. gr. reglugerðar nr. 821/2021 um viðurkenningu sameiginlegra umsýslustofnana samkvæmt höfundalögum (hér eftir reglugerð nr. 821/2021).

Ákvæði 1. mgr. 47. gr. höfundalaga felur í sér afnotakvöð hvað varðar opinberan flutning hljóðrita skv. 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. höfundalaga utan miðlunar til almennings í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. höfundalaga. Afnotakvöð felur í sér að notendum er heimil sú notkun sem í afnotakvöðinni felst en gegn þóknun eins og kemur fram í 1. mgr. 47. gr. Samkvæmt gildandi lögum getur innheimta slíkrar þóknunar eingöngu verið í höndum umsýslustofnunar sem eru samtök framleiðenda og listflytjenda tónlistar, sbr. 2. mgr. 47. gr. höfundalaga. Viðurkenning slíkrar stofnunar er í höndum ráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 47. gr. og 4. mgr. 26. gr. a höfundalaga. Um veitingu slíkrar viðurkenningar er kveðið á um í reglugerð nr. 821/2021.

Samkvæmt samþykktum SFH er megintilgangur samtakanna að semja um, innheimta, annast umsýslu og úthluta endurgjaldi til listflytjenda og hljómplötuframleiðenda hér á landi þegar hljóðritum þeirra er útvarpað eða þau flutt opinberlega á Íslandi, sbr. 47. gr. höfundalaga. Samtökin geta einnig innheimt, annast umsýslu og úthlutað annars konar endurgjaldi sem tilheyrir framangreindum rétthafahópum. Hið sama á einnig við um fjármuni sem koma í hlut sömu rétthafahópa þar sem einstaklingsbundinni úthlutun verður ekki við komið.

Við yfirferð umsóknar SFH hefur ráðuneytið haft hliðsjón af þeim kröfum sem fram koma í höfundalögum, umsýslulögum og reglugerð nr. 821/2021.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þau almennu skilyrði sem fram koma í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 821/2021, sem allar sameiginlegar umsýslustofnanir þurfa að uppfylla til að hljóta viðurkenningu.

- SFH hefur fært sönnur á að samtökin séu í forsvari fyrir nægilegan fjölda rétthafa hljóðrita, bæði listflytjenda og framleiðenda, sem afnotakvöð 47. gr. höfundalaga tekur til vegna flutnings tónverka í útvarpi og einnig hvað varðar annan opinberan flutning.
- Nýjar og breyttar samþykktir SFH bera skýrlega með sér að SFH hafi ótvírætt umboð frá félagsmönnum og aðildarfélögum þeirra til þeirrar umsýslu sem viðurkenningin tekur til, sbr. ákvæði 2.-5. gr. laga nr. 88/2019.
- Fyrir liggja upplýsingar sem sýna fram á fjárhagslegt hæfi og stjórnsýslulega getu SFH til umsýslu réttinda í samræmi við ákvæði II.-V. kafla laga nr. 88/2019.
- SFH hefur sýnt fram á verkferla vegna innra eftirlits og fjárvörslu vegna umsýslu fjármuna í þágu félagsmanna í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2019.
- SFH hefur haft umsýslu með höfundaréttindum félagsaðila sinna á þeim sviðum sem umsóknin tekur til um áráð, sbr. samþykktir SFH, og því hafa samtökin fest sig í sessi sem umsýslustofnun á því sviði.

- SFH hefur, á grundvelli starfsemi sinnar um árabil, þekkingu á markaðsmálum á verksviði sínu og reynslu af samningskvaðagerð.

Einnig hefur SFH upplýst ráðuneytið um að samtökin hafi gert gagnkvæmnissamninga við hliðstæð erlend innheimtusamtök og innheimtuaðila og gæti hagsmuna fyrir erlenda sem innlenda réttihafa, jafnt þá sem eiga beina aðild að SFH og þá sem ekki eiga aðild að samtökunum.

Með hliðsjón af ofangreindu telst SFH vera í forsvari fyrir verulegan hluta réttihafa á því sviði sem viðurkenningin tekur til. Þá er það mat ráðuneytisins að samtökin hafi nægilega getu til að sjá um innheimtu og útborgun réttindatekna í samræmi við ákvæði umsýslulaga.

Í ljósi framanritaðs og þeirra gagna er lögð hafa verið fram af hálfu samtakanna til ráðuneytisins eru SFH hér með viðurkennd sem samtök réttihafa til þess bær að annast umsýslu vegna innheimtu endurgjalds skv. 2. mgr. 47. gr., sbr. 4. mgr. 26. gr. a, höfundalaga. Viðurkenningin er veitt til eftirfarandi umsýslustarfsemi:


- Til að annast umsýslu og innheimta endurgjald á grundvelli 47. gr. höfundalaga vegna flutnings tónverka í útvarpi og einnig hvað varðar annan opinberan flutning að því er varðar réttindi listflytjenda og hljómplötuframleiðenda hér á landi.
- Viðurkenningin tekur ekki til miðlunar efnis í skilningi 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. höfundalaga.

Viðurkenning þessi er ótímabundin en forsenda viðurkenningar ráðuneytisins er að eftirfarandi skilyrði séu og verði áfram uppfyllt af hálfu SFH:

1. SFH verði allt umrætt viðurkenningartímabil talið vera í forsvari fyrir verulegan hluta réttihafa þeirra hljóðrita er viðurkenningin tekur til og nýtt eru hér á landi.
2. SFH skuldbindi sig, ef beiðni þar að lútandi berst, til að upplýsa menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið um viðeigandi málefni samtakanna, sbr. 2. mgr. 36. gr. umsýslulaga.
3. Starfsemi SFH fari fram innan ramma gildandi laga og reglna, þ.m.t. höfundalaga, umsýslulaga og reglugerðar nr. 821/2021. SFH virði jafnframt þær alþjóðaskuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur.
4. SFH tilkynni með skýrum hætti á vefsíðu sinni að samtökin njóti viðurkenningar ráðuneytisins til að annast umsýslu vegna nota hljóðrita, á grundvelli 2. mgr. 47. gr. höfundalaga og birti nauðsynlegar upplýsingar til að réttihafi sem er utan samtakanna geti gert kröfur um einstaklingsbundna þóknun.
5. SFH sendi ráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 821/2021.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið hefur eftirlit með starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana, að undanskildum málum sem falla undir valdsvið úrskurðarnefndar um höfundaréttarmál. Ráðuneytið getur ákveðið að taka mál til athugunar að sjálfsdáðum og takmarkast eftirlit ráðuneytisins þá við formaskilyrði og hvort réttum ferlum hafi verið fylgt, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að umsýslulögum. Ráðuneytinu er heimilt að kalla eftir upplýsingum um starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana hvenær sem er og óski ráðuneytið eftir slíkum upplýsingum skulu sameiginlegar umsýslustofnanir afhenda þær án ótilhlýðilegrar tafar. Leiði eftirlit í ljós að umsýslustofnun uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem sett eru í höfundalögum, umsýslulögum og reglugerð nr. 821/2021 getur ráðherra afturkallað viðurkenningu þessa skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

F.h. ráðherra


Sigrún Brynja Einarisdóttir
ráðuneytisstjóri


Arna Kristín Einarisdóttir
skrifstofustjóri